

Saver EVO[®]

Notendahandbók

Efnisyfirlit

Saver EVO notendaleiðbeiningar	3
Hlaðið niður af netinu	3
Stuttar leiðbeiningar	3
Notkun Saver EVO	4
Notkun Saver EVO með HeartSine samaritan PAD	5
Upplýsingar um atvik sóttar úr HeartSine samaritan PAD	6
Atvik skoðuð á HeartSine samaritan PAD	7
Upplýsingum eytt úr minni HeartSine samaritan PAD	8
Stillingum HeartSine samaritan PAD breytt	8
Saver EVO notað með PDU*	11
Gögn um atvik endurheimt af PDU-minniskorti	12
Atvik vistuð á PDU skoðuð	13
Stillingar PDU skoðaðar	14
Notkun Saver EVO með vistuðum atvikum	15
Útflutningur og innflutningur	15
Útflutningur atvika	15
Innflutningur atvika	16
Vistuðum atvikum eytt	16
Stillingum Saver EVO breytt	17
Aðgangsorði breytt	17
Tungumáli Saver EVO breytt	18
Leitað að sjálfvirkum uppfærslum	19
Netöryggi	19

Upplýsingarnar í þessu skjali geta breyst án fyrirvara og skuldbinda ekki HeartSine Technologies Ltd. að neinu leyti. Handbók þessa má ekki afrita eða senda með neinum hætti, rafrænt eða vélrænt, svo sem með ljósrítun og hljóðrítun í hvaða tilgangi sem er án skilmerkilegs skriflegs leyfis HeartSine Technologies Ltd.

heartsine.com

heartsinesupport@stryker.com

Saver EVO notendaleiðbeiningar

Saver EVO®-hugbúnaðurinn gerir notanda kleift að endurheimta atvikagögn um hjartarafstuð úr HeartSine® samaritan® PAD og PDU-minniskorti. Með Saver EVO er einnig hægt að vinna með atvikagögn sem vistuð hafa verið í tölvu, með það fyrir augum að prenta út, flytja inn og flytja út atvikagögn til annarra notenda Saver og Saver EVO.

Saver EVO er með hugbúnaðarleyfi sem gerir kleift að setja hugbúnaðinn upp og nota hann á stakri tölvu sem keyrir á Microsoft Windows (helst Windows 10).

Hlaðið niður af netinu

Uppsetning Saver EVO kann að þarfnast stjórnandaheimildar – hafið samband við kerfisstjóra / tækniþjónustuveitu ef á þarf að halda.

1. Farið á HeartSine.com til að sækja Saver EVO-hugbúnað fyrir viðkomandi svæði.
2. Eftir að hugbúnaðurinn hefur verið sóttur skal keyra „ SaverEVO_setup.exe“ til að setja Saver EVO-hugbúnaðinn upp. (Fylgið leiðbeiningunum á skjánum.)
3. Lesið leyfissamning notanda. Notandi verður að samþykkja skilmála leyfissamningsins til að setja hugbúnaðinn upp. Smellið á hnappinn „Next“ (áfram) til að samþykkja skilmálana.
4. Saver EVO verður sett upp á sjálfgefnu svæði í hefðbundinni uppsetningarstillingu. Smellið á hnappinn „I agree“ (ég samþykki) til að samþykkja. Ekki ætti að breyta þessum sjálfgefnu stillingum nema um sé að ræða reyndan tölvunotanda.
5. Ef spurt er um vottun á rekli tækis skal smella á hnappinn „Continue anyway“ (halda samt áfram).

Stuttar leiðbeiningar

Hvernig á að endurheimta skráð atvikagögn um hjartarafstuð frá HeartSine samaritan PAD eða PDU-minniskorti.

1. Tengid viðkomandi tæki við tölvuna.
2. Opnið Saver EVO-hugbúnaðinn.

3. Smellið á hnappinn  eða .

4. Smellið á hnappinn  til að birta lista yfir vistuð atvik.

5. Auðkennið skráða atvikið sem vinna á með í listanum.

6. Smellið á hnappinn  til að skoða atvikið.

7. Smellið á hnappinn  og færið inn nauðsynlegar upplýsingar um sjúkling til að vista atvikið í tölvunni.

8. Smellið á hnappinn  ef óskað er að prenta atvikaskýrsluna.

Notkun Saver EVO

Upphafskjár Saver EVO er sýndur hér fyrir neðan.



Upphafskjár Saver EVO



samaritan PAD – Opnar valmynd fyrir eiginleika sem eru sértækir fyrir HeartSine samaritan PAD. Nánari upplýsingar eru á síðu 5.



samaritan PDU – Opnar valmynd fyrir eiginleika sem eru sértækir fyrir PDU. Nánari upplýsingar eru á síðu 12.



Manage Saved Events (vinna með vistuð atvik) – Opnar valmynd fyrir eiginleika sem eru sértækir fyrir atvik sem vistuð eru á tölvunni. Nánari upplýsingar eru á síðu 16.



Exit Saver EVO (loka Saver EVO) – Lokar Saver EVO-hugbúnaðinum.



Change Saver EVO password (breyta aðgangsorði Saver EVO) – Til að breyta aðgangsorði Saver EVO og velja tungumál. Gerir notanda einnig kleift að sjá upplýsingar um endurskoðun Saver EVO.

Í síðari köflum verður farið nánar yfir hvernig nota á ofangreindar valmyndir.

Notkun Saver EVO með HeartSine samaritan PAD

Til að nota Saver EVO með HeartSine samaritan PAD er nauðsynlegt að nota USB-snúruna (sem hefur hugsanlega fylgt HeartSine samaritan PAD). Ef USB-snúra er ekki til staðar skal hafa samband við sölufulltrúa eða vottaðan dreifingaraðila Stryker. Ef HeartSine-gátt er tengd hjartastuðtækinu er hægt að nota micro USB-snúru.

1. Tengjið USB-snúruna við HeartSine samaritan PAD og tengið hana síðan við USB-tengið á tölvunni. Opnið Saver EVO-hugbúnaðinn.
2. Þegar smelt er á samaritan PAD-hnappinn opnast skjámyndin sem sjá má hér fyrir neðan.



PAD-aðgangsskjár Saver EVO



PAD Data (PAD-gögn) – Smellið á þennan hnapp til að endurheimta atviksgögn frá HeartSine samaritan PAD. Nánari upplýsingar eru á síðu 6.




Change PAD Settings (breyta stillingum PAD) – Smellið á þennan hnapp til að keyra greiningarpróf eða breyta uppsetningarstillingum (hljóðstyrkur og tími) á HeartSine samaritan PAD. Nánari upplýsingar eru á síðu 8.



Back (til baka) – Smellið á þennan hnapp til að fara til baka í upphafsskjá Saver EVO.

Upplýsingar um atvik sóttar úr HeartSine samaritan PAD

Til að endurheimta atvikagögn um hjartarafstuð úr HeartSine samaritan PAD skal ganga úr skugga um að HeartSine samaritan PAD-búnaðurinn sé tengdur við tölvuna og smellið síðan á hnappinn „PAD data“ (PAD-gögn). Þá er leitað í minni HeartSine samaritan PAD og öll skráð atvik sýnd eins og sjá má hér fyrir neðan.



Skrá yfir atvik úr PAD í Saver EVO

Atvik sem sýnd eru með grænu lettri og tákninu ✓ eru atvik sem þegar hafa verið vistuð á tölvuna.



Save all (vista allt) – Þegar smellt er á þennan hnapp verða öll atvik sem skráð eru í skrá yfir atvik úr PAD vistuð í stakri skrá í tölvunni.

ATHUGIÐ: Atvik sem eru vistuð með þessum hætti er ekki hægt að endurheimta fyrir skoðun með þessari útgáfu af Saver EVO. Hafið samband við tækniþjónustu HeartSine Technologies ef óskað er að endurheimta atvik úr þessari skrá. Ef óskað er að vista atvik hvert í sínu lagi til síðari endurheimtar er vísað í eiginleikann „Save“ (vista) í „Viewing events“ (atvik skoðuð) í HeartSine samaritan PAD á síðu 7.



View (skoða) – Ef smellt er á þennan hnapp er valið atvik sýnt.




Erase (eyða) – Ef smellt er á þennan hnapp er öllum atvikum úr atvikaskrá HeartSine samaritan PAD eytt. Ítarlegar upplýsingar um hvernig eyða skal gögnum eru á síðu 8.



Back (til baka) – Smellið á þennan hnapp til að fara til baka í PAD-aðgangsskjá Saver EVO.

Atvik skoðuð á HeartSine samaritan PAD

- Til að skoða atvik skal auðkenna atvikið í listanum og smella síðan á hnappinn „View“ (skoða). Þá má sjá hjartarafstuðið (atvikið) ásamt EKG-myndlínu (e. trace) og atviksskránni á sömu skjámyndinni.



Skjámynd sem sýnir atvik úr PAD í Saver EVO

- Á þessu stigi er hægt, ef óskað er, að vista atvikið sem sýnt er í tölvuna með því að smella á hnappinn „Save“ (vista). Hægt er að endurheimta atvik sem vistuð eru með þessum hætti og skoða þau í Saver EVO. Á þessu stigi er hægt að slá inn upplýsingar til að auðkenna viðkomandi sjúkling úr lista vistaðra atvika á tölvunni. Upplýsingar um sjúklinginn eru slegnar inn með bókstöfum eða tölustöfum. Hægt er að slá inn upplýsingar í hvern reit en ekki er nauðsynlegt að fylla út alla reiti.

Enter Patient Details
X

Subject0002

Record Type: Subject

Surname:

Forename:

D.O.B.:

Patient ID:

Event Date and Time: 04 Feb 2020 10:27:07 GMT Standard Time

New Record Type
Save
Cancel

Upplýsingaskjámynd sjúklings úr PAD í Saver EVO

ATHUGIÐ: Þegar atviksgögn um hjartarafstuð hafa verið vistuð í tölvuna er ekki hægt að breyta þessum upplýsingum.

Eftirfarandi hnappar eru einnig til staðar í skjámyndinni sem sýnir atvik í Saver EVO:



Print (prenta) – Smellið á þennan hnapp til að prenta atvikið sem sýnt er á skjámyndinni.



Print Preview (forskoðun prentunar) – Smellið á þennan hnapp til að forskoða prentgögnin á skjánum.



Back (til baka) – Smellið á þennan hnapp til að fara til baka í skrá yfir atvik úr PAD í Saver EVO.

Upplýsingum eytt úr minni HeartSine samaritan PAD

1. Smellið á hnappinn „Erase“ (eyða) til að eyða minni HeartSine samaritan PAD.
2. Saver EVO biður um aðgangsorð til öryggis áður en minninu er eytt. Þegar rétt aðgangsorð er slegið inn verður minni HeartSine samaritan PAD eytt. Upplýsingar um hvernig á að breyta sjálfgefnu aðgangsorði eru í **„Aðgangsorði Saver EVO breytt“** á síðu 17.

Mælt er með því að eyða atvikum úr minni HeartSine samaritan PAD þegar atvikagögn hafa verið endurheimt úr HeartSine samaritan PAD og vistuð á tölvu. Með þessu móti er tryggt að nægt minni sé til staðar til að skrá gögn næst þegar hjartarafstuð er gefið.

VARÚÐ: HeartSine mælir með að hlaða öllu minni HeartSine samaritan PAD niður áður en því er eytt. Vista ætti þessar upplýsingar á öruggu svæði til síðari nota.

Stillingum HeartSine samaritan PAD breytt

Hnappurinn „Change PAD Settings“ (breyta stillingum PAD) gerir notendum kleift að stilla ákveðna eiginleika HeartSine samaritan PAD eins og hér segir:

- Athuga tíma/stilla tíma
- Keyra greiningarpróf

Að auki geta notendur með aukin réttindi breytt eftirfarandi:

- Hljóðstyrkur
- Virkja/óvirkja hljóð í taktmæli

1. Þegar smelt er á hnappinn „Change PAD Settings“ (breyta stillingum PAD) opnast eftirfarandi skjámynd (sjá næstu síðu):



Skjámynd fyrir breytingu PAD-stillinga í Saver EVO

- 
Check/Set PAD time (athuga tíma/stilla tíma á PAD) – Þessi hnappur gerir notendum kleift að samstillastímann á HeartSine samaritan PAD við tímann á tölvunni.



Skjámynd til að athuga/stilla tíma fyrir PAD í Saver EVO

- Smellið á hnappinn „Synchronize“ (samstillastíma) til að stilla tímann á HeartSine samaritan PAD þannig að hann passi við tímann á tölvunni sem tækið er tengt við.
- Smellið á hnappinn „Close“ (loka) til að fara til baka í skjámyndina „Breyta stillingum PAD“ í Saver EVO.



Run Diagnostic Tests (keyra greiningarpróf) – Þessi hnappur gerir notendum kleift að keyra ákveðin grunnpróf í því skyni að ganga úr skugga um að HeartSine samaritan PAD virki sem skyldi. Farið er í lista yfir tiltæk greiningarpróf úr fellivalmyndinni eins og sýnt er hér fyrir neðan.




Skjámynd fyrir greiningarpróf PAD í Saver EVO

Saver EVO ber kennsl á þá tegund PAD-búnaðar sem tengdur er við tölvuna og sýnir viðeigandi skýringarmyndir af merkingum til að aðstoða notandann við framkvæmd greiningarprófanna.



Edit PAD Configuration (breyta grunnstillingu PAD) – Smellið á þennan hnapp til að opna skjámynd til að breyta uppsetningarstillingum PAD (sýnd hér að neðan), þar sem hægt er að skoða og breyta stillingum fyrir hljóðstyrk og taktmæli, og skoða hugbúnaðarútgáfu fyrir HeartSine samaritan PAD-búnaðinn sem tengdur er við tölvuna. Slá þarf inn aðgangsorð Saver EVO til að staðfesta þessar breytingar. Upplýsingar um hvernig á að breyta sjálfgefnu aðgangsorði eru í „**Aðgangsorði Saver EVO breytt**“ á síðu 17.



Skjámynd til að breyta uppsetningarstillingum PAD í Saver EVO

Saver EVO notað með PDU*

1. Til að unnt sé að nota Saver EVO með samaritan PDU-minniskorti þarf að setja minniskortið í MMC- /SD-samhæfan kortalesara sem er annað hvort tengdur við eða innbyggður í tölvuna sem keyrir Saver EVO. Hafið í huga að stýrikerfi tölvunnar getur verið nokkrar sekúndur og allt upp í rúmlega eina mínútu að skynja kort í kortalesaranum.
2. Smellið á samaritan PDU-hnappinn á upphafsskjánum. Þá opnast skjámyndin sem sýnd er hér fyrir neðan.



PDU-aðgangsskjár Saver EVO



PDU Data (PDU-gögn) – Smellið á þennan hnapp til að endurheimta atviksgögn frá PDU-minniskorti. Nánari upplýsingar eru á síðu 13.



PDU Settings (stillingar PDU) – Smellið á þennan hnapp til að skoða uppsetningarstillingar. Nánari upplýsingar eru á síðu 15.



Back (til baka) – Smellið á þennan hnapp til að fara til baka í upphafsskjá Saver EVO.

* samaritan PDU var ekki fáanlegt í Bandaríkjunum og er ekki lengur framleitt af HeartSine.

Gögn um atvik endurheimt af PDU-minniskorti

Gangið úr skugga um að samaritán PDU-minniskortið sé í SD- /MMC-kortalesaranum og smellið á hnappinn „PDU Data“ (PDU-gögn). Þá birtist listi yfir atvik sem skráð eru á minniskortið.



Skrá yfir atvik úr PDU í Saver EVO

Atvik með klukkutákninu  eru sjálfsprófanir sem PDU-kortið framkvæmdi.

Atvik sem sýnd eru með grænu lettri og tákninu  eru atvik sem þegar hafa verið vistuð á tölvuna.



Save all (vista allt) – Þessi hnappur er óvirkur í PDU-stillingu.



View – (skoða) Ef smellt er á þennan hnapp er valið atvik sýnt. Nánari upplýsingar eru á síðu 13.



Eyða – Þessi hnappur er óvirkur í PDU-stillingu.



Back (til baka) – Smellið á þennan hnapp til að fara til baka í PDU-aðgangsskjá Saver EVO.

Atvik vistuð á PDU skoðuð

1. Til að skoða atvik skal auðkenna atvikið í listanum og smella síðan á hnappinn „View“ (skoða). Þá má sjá hjartarafstuðið (atvikið) ásamt EKG-myndlínu (e. trace) og atvikaskránni á sömu skjámyndinni:



Skjámynd sem sýnir atvik úr PDU í Saver EVO

2. Á þessu stigi er hægt, ef óskað er, að vista atvikið sem sýnt er í tölvuna með því að smella á hnappinn „Save“ (vista). Á þessu stigi er hægt að slá inn upplýsingar til að auðkenna viðkomandi sjúkling. Upplýsingar um sjúklinginn eru slegnar inn með bókstöfum eða tölustöfum. Hægt er að slá inn upplýsingar í hvern reit en ekki er nauðsynlegt að fylla út alla reiti.

Upplýsingaskjámynd sjúklings úr PDU í Saver EVO

ATHUGIÐ: Þegar atviksgögn um hjartarafstuð hafa verið vistuð í tölvuna er ekki hægt að breyta þessum upplýsingum.

Eftirfarandi hnappar eru einnig til staðar í skjámyndinni sem sýnir atvik í Saver EVO:



Print (prenta) – Smellið á þennan hnapp til að prenta atvikið sem sýnt er á skjámyndinni.




Print Preview (forskoðun prentunar) – Smellið á þennan hnapp til að forskoða prentgögnin á skjánum.



Back (til baka) – Smellið á þennan hnapp til að fara til baka í skrá yfir atvik úr PDU í Saver EVO.

Stillingar PDU skoðaðar

Þegar smelt er á hnappinn „View Settings“ (skoða stillingar) opnast eftirfarandi stillingarmynd fyrir PDU. Á þessari skjámynd er hægt að sjá stöðu rafhlöðu, hljóðstyrk hátalara, stillingar tungumáls og taktmælis, tíðni og tímalengd endurlífugunar ásamt fyrningardagsetningu, hugbúnaðarútgáfu og raðnúmeri PDU-kortsins. Notandinn getur aðeins skoðað þessar stillingar en ekki breytt þeim.




Stillingagluggi PDU í Saver EVO

Notkun Saver EVO með vistuðum atvikum

Hnappurinn „Manage Saved Events“ (vinna með vistuð atvik) á aðalskjámynd Saver EVO gerir notendum kleift að skoða atvikagögn sem hlaðið hefur verið niður úr HeartSine samaritan PAD, samaritan Data-Pak rafhlöðu eða PDU-minniskorti, og vistuð á tölvuna.

- Þegar smellt er á þennan hnapp opnast eftirfarandi skjámynd:



- Þegar atvik er auðkennt í listanum og smellt á „View“ (skoða) opnast vistaða atvikið þannig að unnt er að skoða upplýsingar um hjartalínurit og atvikaskrá.

Útflutningur og innflutningur

Saver EVO býr yfir eiginleikum sem gera notendum kleift að senda atvikagögn um hjartarafstuð til annarra aðila sem hafa Saver EVO-hugbúnaðinn, eða taka á móti slíkum atvikagögnum. Útflutnings- og innflutningseiginleikar Saver EVO eru notaðir til að senda eða taka á móti afritum af vistuðum atvikum.

Útflutningur atvika:

- Auðkennið atvikið eða atvikin sem óskað er að flytja út á skjámyndinni „Manage Saved Events“ (vinna með vistuð atvik) og smellið síðan á hnappinn „Export“ (flytja út).
- Veljið svæði á tölvunni til að vista útflutningsskrána og gefið útfluttu skránni nafn.
- Smellið á hnappinn „Save“ (vista) til að vista skrána á því svæði sem valið var.

Þá er hægt að hengja skrána við tölvupóst í því tölvupóstkerfi sem notandi notar almennt, og senda útfluttu skrána til annars notanda sem er með Saver EVO-hugbúnaðinn.

Aðeins annar Saver EVO-notandi getur séð atviksgögn frá Saver EVO. Ekki er hægt að flytja inn og birta gögn frá Saver EVO með eldri Saver-hugbúnaði.

Innflutningur atvika:

Til að hægt sé að flytja inn atvik og skoða þau í tölvu þarf að vista skrána sem notandi fékk senda frá öðrum notanda með Saver- eða Saver EVO-hugbúnað á svæði á tölvunni.

1. Smellið á hnappinn „Import“ (flytja inn) í skjámyndinni „Manage Saved Events“ (vinna með vistuð atvik) í Saver EVO.
2. Farið á svæðið þar sem skráin var vistuð og smellið á „Opna“.
3. Skránum verður bætt við fyrirbyggjandi lista af skráum frá Saver EVO á tölvunni.

Að því loknu er hægt að sjá viðkomandi skrá með því að auðkenna atvikið í listanum og smella á hnappinn „View“ (skoða).

Saver EVO-hugbúnaðurinn getur flutt inn og birt atviksgögn sem flutt voru út með eldri útgáfu hugbúnaðarins sem kallaðist Saver.

Vistuðum atvikum eytt

Hægt er að eyða vistuðum atvikum úr minni tölvunnar með Saver EVO. Atvikum er eytt með því að auðkenna viðkomandi atvik (hægt er að velja mörg atvik í einu).

Þegar notandi hefur staðfest að eyða skuli völdum atvikum er smelt á hnappinn „Erase“ (eyða). Saver EVO biður um aðgangsorð til öryggis áður en minninu er eytt. Þegar rétt aðgangsorð er slegið inn verður völdum atvikum eytt úr tölvunni.

Varúð: Gætið þess að einungis atvik sem á að eyða hafi verið valin áður en atvikum er eytt.

Ekki er hægt að endurheimta atvik sem eytt hefur verið úr minni tölvunnar, og allar upplýsingar um viðkomandi atvik eru glataðar.


Stillingum Saver EVO breytt

Ákveðnum eiginleikum Saver EVO er aðeins hægt að breyta eða ljúka með því að slá inn aðgangsorð. Með þessu er stjórnendum hugbúnaðarins gert kleift að takmarka aðgang að ákveðnum eiginleikum við notendur með tilteknar heimildir. Þegar Saver EVO-hugbúnaðurinn er fyrst settur upp er sjálfgefið aðgangsorð „password“.

Til að breyta aðgangsorði:



1. Smellið á litla stillingahnappinn í þessari aðalskjámynd Saver EVO. Þá opnast skjámyndin sem sýnd er hér fyrir neðan:



Skjámynd til að breyta stillingum

2. Sláið inn núverandi aðgangsorð og smellið á „Confirm“ (staðfesta).
3. Sláið nýja aðgangsorðið inn tvisvar sinnum og smellið á „Apply“ (nota) til að staðfesta breytinguna.
4. Smellið á „OK“ (í lagi) til að loka skjámyndinni þar sem aðgangsorði er breytt.

ATHUGIÐ: Ef Saver EVO-hugbúnaðurinn er settur upp á ný fer aðgangsorðið til baka í sjálfgefið aðgangsorð. Þessi aðgerð eyðir hins vegar engum atviksgögnum sem hafa áður verið vistuð.

Tungumáli Saver EVO breytt:

1. Til að velja tungumál fyrir Saver EVO skal velja tungumálið úr fellilistanum og smella á „Apply“ (nota).




2. Þegar smellt hefur verið á „nota“ birtist eftirfarandi skjámynd. Nauðsynlegt er að endurræsa Saver EVO til að breytingar á tungumáli taki gildi.



3. Smellið á „Yes“ (já) til að loka Saver EVO, smellið á „No“ (nei) ef ekki á að loka hugbúnaðinum.

Leitað að sjálfvirkum uppfærslum:

1. Ef merkt er við gátreitinn í hvert sinn sem Saver EVO-hugbúnaðurinn er ræstur reynir hugbúnaðurinn að ná sambandi við vefsvæði HeartSine í því skyni að leita eftir nýjustu útgáfu Saver EVO. Ef uppfærsla er tiltæk birtist eftirfarandi skjámynd þegar Saver EVO-hugbúnaðurinn er ræstur.



2. Smellið á „Yes“ (já) ef óskað er eftir að hlaða niður nýjustu útgáfu af Saver EVO. Að öðrum kosti er smellt á „No“ (nei).

Netöryggi

- Gangið úr skugga um að allar öryggisúrbætur Microsoft séu til staðar í tölvunni.
- Takið reglulega öryggisafrit af tölvunni (þar með talið af skráum Saver EVO-hugbúnaðarins).
- Ráðlagt er að hafa vírusvarnarforrit / spilliforritavörn uppsett á tölvunni, og gæta þess að það sé virkt og uppfært.
- Notið öruggt aðgangsorð fyrir innskráningu í tölvuna. Aðgangsorð ættu að innihalda hástafi, lágstafi, tölustafi og sérstafi.

Hafið samband við okkur á **heartsinesupport@stryker.com** eða farið á vefsvæði okkar **heartsine.com** til að fá frekari upplýsingar.



HeartSine Technologies, Ltd.
203 Airport Road West
Belfast, BT3 9ED
Bretland
Sími +44 28 9093 9400
Fax +44 28 9093 9401

**Þjónustuver fyrir Bandaríkin
/ Suður-Ameríku**

11811 Willows Road NE
Redmond, WA, 98052 Bandaríkin
Gjaldfrjálst 866 478 7463
Sími +1 215 860 8100
Fax +1 215 860 8192

Framleitt í Bretlandi
© 2020 HeartSine Technologies.
Allur réttur áskilinn.
H013-001-308-3 IS